

## Félagsfundur náttúrufræðinga á Landspítala 4. apríl 2014 ályktar:

**Náttúrufræðingar á Landspítala krefjast þess að gerður verði nýr stofnanasamningur milli Félags íslenskra náttúrufræðinga (FÍN) og Landspítala. Jafnframt krefjumst við þess að fá 4,8% launaleiðréttingu vegna jafnlaunaáttaks ríkisstjórnarinnar og að sú breyting gildi frá ársbyrjun 2013.**

Greinargerð:

Frá því að stofnanasamningar voru teknir upp hjá ríkinu hefur aldrei náðst stofnanasamningur milli FÍN og Landspítala án utanaðkomandi aðstoðar eða þrýstings. Núverandi samningur er 13 ára gamall og þarfnast endurskoðunar. Dagvinnulaun náttúrufræðinga á Landspítala hafa dregist verulega aftur úr launum náttúrufræðinga hjá öðrum ríkisstofnunum og munar þar mörgum tugum ef ekki hundruðum þúsunda.

Í stofnanasamningi stendur:

„Við endurskoðun á röðun náttúrufræðinga á Landspítala - háskólasjúkrahúsi verður horft til launaþróunar opinberra starfsmanna skv. upplýsingum kjararannsóknarnefndar opinberra starfsmanna.“

Með jafnlaunaátaki ríkisstjórnarinnar fengu kvennastéttir 4,8% launahækkun. Þessi launahækkun skilaði sér ekki til náttúrufræðinga á Landspítala þótt 75% náttúrufræðinga í heilbrigðisþjónustu á Landspítala séu konur og launakjörin mun lægri en hjá öðrum náttúrufræðingum hjá ríkinu.

Í mannauðsstefnu Landspítala segir:

### Ráðningar

Unnið er eftir skilgreindu og faglegu ráðningarferli þar sem jafnræði og hlutleysi er gætt. Sóst er eftir starfsfólki með mikla hæfni, sem sýnir frumkvæði í starfi, er jákvætt og sýnir vilja til að taka virkan þátt í framþróun spítalans. Móttaka nýrra starfsmanna er skilvirk og fagleg.

Hér með er þess krafist að sama gildi um launaákvæðanir starfsmanna í starfi, að unnið sé eftir skilgreindu og faglegu ferli þar sem jafnræðis og hlutleysi sé gætt. Þannig getur Landspítali haldið í þá hæfu og jákvæðu náttúrufræðinga sem þar starfa og sýna frumkvæði og vilja til að taka virkan þátt í framþróun spítalans.